



## Um leigu á húsnæði Fjölbrautaskóla Vesturlands skólans gilda eftirfarandi reglur:

1. Húsnæði Fjölbrautaskóla Vesturlands fæst leigt til funda, námskeiða, menningarviðburða og annarra nota sem samrýmast hlutverki skólans svo fremi það trufla ekki skólastarf.
2. Skólameistari metur hvaða starfsemi truflar ekki starfsemi skólans og samrýmist hlutverki hans.
3. Samkomum í húsnæði skólans skal lokið fyrir klukkan 01:00.
4. Sala áfengis og neysla þess er óheimil í húsnæði skólans á starfstíma hans. Einnig er óheimilt að neyta tóbaks og annarra fíkní- eða vímuefna í skólanum og á lóð hans.

### 5. Leigugjald er:

Fyrir venjulega kennslustofu í klukkustund .....	5.500 kr.
Fyrir tölvustofu í klukkustund .....	11.000 kr.
Fyrir verkstæði í klukkustund .....	16.500 kr.
Fyrir sal skólans í 5 klukkustundir eða skemmri tíma .....	55.000 kr.
Fyrir sal skólans í einn dag (milli klukkan 8 og 24) .....	110.000 kr.

6. Mál-, tré- og rafiðnaverkstæði eru aðeins leigð í samráði við kennara sem annast umsjón með þeim og aðeins til iðnaðarmanna. Leigutaki getur þurft að borga laun vegna viðveru starfsmanns skólans til viðbótar við leigu.
7. Eldhús er aðeins leigt í samráði við forstöðumann mötuneytis.
8. Starfsmaður skólans afhendir leigutaka lykla og fer yfir húsakynnin. Starfsmaður verður til taks fyrir leigjendur og sér um eftirlit á meðan leigutíma stendur.
9. Leigutaki er ábyrgur fyrir skemmdum á húsnæði og búnaði sem hann leigir og þar með skaðabótaskyldur verði hann sjálfur, starfsmenn hans eða gestir valdir að skemmdum.
10. Ef þrifum er ábótavant þá áskilur FVA sér rétt til að senda leigjanda reikning fyrir þrifum. Kostnaður við þrif eru kr. 3.500 á klukkustund.
11. Undanþágur frá þessum reglum verða aðeins veittar með samkomulagi við skólameistara.